

Viðbragðsáætlun

við heimsfaraldri influensu



Skólastjórnendur Borgarhólsskóla annast verkefnastjórn, virkjun og uppfærslu viðbragðsáætlunar. Skólastjórnendur geta kallað Öryggisráð skólans til samstarfs.

Skólastjórnendur Borgarhólsskóla eru: Þórgunnur R. Vigfúsdóttir skólastjóri, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir deildarstjóri, Hjálmar Bogi Hafliðason deildarstjóri og Elsa Björk Skúladóttir deildarstjóri.

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um neyðarstig vegna heimsfaraldurs gildir sem virkjun þessarar áætlunar. Áætlunin er byggð á viðbragðsáætlun Samband Íslenskra sveitarfélaga. Skólastjóri og öryggisvörður gæta þess að skólinn búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað, kynna umgengisreglur og sjá um birgðahald vegna sóttthreinsibúnaðar. Skólastjóri ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki og foreldrum um virkjun viðbragðsáætlunar.

Skólastjóri sér um samskipti vegna veikinda og fjarveru starfsmanna.

Umsjónarkennarar sjá um fjarvistaskráningar nemenda.

Skólastjóri hefur samráð við öryggisráð og starfsmenn um sértækar ráðstafanir ef forföll nemenda verða mikil. Eftir atvikum verða forfallakennarar eða aðrir starfsmenn fengnir til að hafa umsjón með námshópum, hópar sameinaðir eða kennsla felld niður tímabundið og nemendur 4. -10. bekkjar sendir heim ef ekki tekst að halda úti fullnægjandi þjónustu. Umsjónarkennarar eða staðgenglar þeirra hafa samráð við forráðamenn veikra barna um nám á meðan á veikindum stendur ef heilsa þeirra leyfir.

Öryggisráð skipa: skólastjóri Þórgunnur R. Vigfúsdóttir, öryggisvörður Sveinn Hreinsson og Sigurveig Raket Matthíasdóttir öryggistrúnaðarmaður.

Afleysingakerfi vegna forfalla skólastjórnenda

Ef allir þessir stjórnendur veikjast taka fjórir til viðbótar afleysingu sem eru; námsráðgjafi, trúnaðarmenn skólans og skólaritari.

Fyrirbyggjandi áherslur til að draga úr smitleiðum

Lögð er áhersla á almenn atriði um hreinlæti og það hvernig best er að verjast helstu smitleiðum, þó þannig að nemendur haldi ró sinni og ekki grípi um sig óöryggi meðal nemenda

og starfsfólks. Skólahjúkrunarfræðingur annast sérfræðilega ráðgjöf við skólasamfélagið í samvinnu við lækna Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga.

Hægt er að fækka smitleiðum innan skólans með því að :

- Fækka mannmörgum samkomum tímabundið.
- Draga verulega úr samgangi nemenda milli teyma.
- Draga úr utanaðkomandi heimsóknum í skólann.
- Nýta fjarfundabúnað fyrir fundi í auknum mæli.
- Breyta framkvæmd ræstinga þannig að aukin áhersla verði lögð á að strjúka af hurðahúnum, handriðum, slökkvurum, ipöðum, lyklaborðum, borðum og stólörmum.
- Hafa spritt í stofum til nota fyrir og eftir notkun sameiginlegs búnaðar og reglulega yfir daginn.
- Allir nemendur þvoi sér skv. leiðbeiningum um hendur fyrir mat.

Ræsting

Aukin þrif á álagssvæðum s.s handföng, handrið, salerni og matsalur. Farið verður eftir þeim leiðbeiningum sem berast frá sóttvarnarlækni um ræstingu skólans og er það í höndum skólastjóra að upplýsa starfsfólk ef endurskipuleggja þarf ræstingu.

Komi grunur um smit eða smit

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar skal upplýsa skólastjórnendur.

Ef veikindi koma upp í skólanum skal hafa samráð við skólahjúkrunarfræðing og fara með nemanda í herbergi skólahjúkrunarfræðings / utan hennar viðveru nýtum fundarherbergi og bíður þar með viðkomandi þar til foreldrar hafa sótt.

Í framhaldinu er brugðist við á eftirfarandi hátt:

Hringt er í vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð s. 543-1000 eða haft samband við SVL í síma 510-1933.

Foreldrar sækja nemendur.

Ef málið þolir enga bið, hringt í 112 og óskað eftir sjúkraflutningi.

Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaktsími sóttvarnalæknis er 510-1933 og einnig vakthafandi smitsjúkdómalækni á Landspítala í gegnum skiptiborð 543-1000.

Komi til lokunar skóla

Skólastjóri eða staðgengill hans tekur ákvörðun um lokun skóla í samráði við áfallaráð og að höfðu álitni sóttvarnarlæknis. Lokun verður tilkynnt á heimasíðu skólans, með tölvupósti og/eða síma eftir atvikum. Lokun verður auglýst við inngönguleiðir skólans.

Fjölskylduvefur mentor, sími, heimasíða o.fl. eftir atvikum verður nýtt til að halda upplýsingastreymi gangandi. Lykilstarfsmenn og aðrir þeir starfsmenn sem áfallaráð telur óhætt að starfi í skólanum verða til svara og halda boðleiðum opnum eftir atvikum og upplýsa um ástandið. Haldið verður uppi þjónustu við nemendur og foreldra með tölvusambandi og á heimasíðu skólans komi til lokunar skólans. Fjölskylduvefur Mentor verður notaður til að miðla upplýsingum og umsjónarkennarar eða staðgenglar senda þannig upplýsingar til forráðamanna. Hægt að hringja og senda SMS eftir kerfi fjölskylduvefsins og verður það gert ef ástæða þykir. Þeir erlendu nemendur skólans og forráðamenn fá lykilupplýsingar þýddar og þeir aðstoðaðir sérstaklega. Deildarstjóri stoðþjónustu annast stjórn upplýsinga til þessa hóps.

Ef kennarar eða staðgenglar þeirra verða heilir heilsu munu þeir senda nemendum námsáætlun til að vinna eftir og hafa samráð við forráðamenn um það hvers nemendur eru megnugir.

Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur

Húsvörður stjórnar umsýslu fasteigna og öryggismála í umboði skólastjóra, er staðgengill hans. Húsvörður, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri mynda teymi sem skipuleggur eftirlit með húsnæði skólans meðan á lokun stendur. Í forföllum þeirra er stuðst við afleysingakerfi sem lýst er hér framar.

Á neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi skólans.

Öryggisvörður kannar birgðir af hreinlætisvörum e.o. sápu, sóttþreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. Passa þarf uppá að birgðastaða sé góð og anni nokkurra vikna þörf. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum.

Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundahöld. Gildir þetta jafnt um fundi innan sem utan skólans. Notast skal við síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt og fyrirmælum sóttvarnalæknis fylgt eftir sem við á.

Skólinn fylgir fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir.

Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Sveitarstjóri getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.

Tryggja þarf að fleiri en einn starfsmaður geti gengið í störf annarra starfsmanna þar sem metin er þörf á því. Starfsfólk getur átt von á að vera færnt til milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í inflúensufaraldri innan sveitarfélagsins.

Skólastjóri getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á skólahaldi til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum innan skólans meðan á faraldrinum stendur

Skólastjóri og öryggisvörður skulu vakta daglega hver tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð. T.d. á vefsíðum eins og www.landlaeknir.is og www.almannavarnir.is. Skólastjóri skal sjá um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til alls starfsfólks og foreldra með tölvupóstsendingum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið – skólahald

ÓVISSUSTIG

Allir fræðsluaðilar geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum fræðsluaðila. Skólastjóri eða forstöðumaður er ábyrgur fyrir áætluninni en getur falið öðru starfsfólki gerð hennar.

Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingamiðlun fræðsluaðila svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, heimasíðu og samskiptamiðla.

Stjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með fræðsluaðila að undirbúningi.

Kortleggja tengsl fræðsluaðila við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað fræðsluaðila (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægar birgðir. Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna. Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum nemenda og starfsfólks í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda og almannavarna. Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar, komi til lokunar. Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda. Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

NEYÐARSTIG

Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.

Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.

Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.

Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.